

flokksstarfið



Skaftfellingar



Héraðsmót framsóknarfélaganna í V-Skaftafellssýslu verður haldinn í Leikskálum í Vík í Mýrdal laugardaginn 10. september og hefst klukkan 21.00.
Ávörp flytja Vilhjálmur Hjálmarsson menntam.ráðh. og Jón Helgason alþm. Guðmundur Jónsson óperusöngvari syngur, og hin frábæra eftirherma, og grínisti Jóhann Briem skemmtir. Dansað til kl. ? Framsóknarfélögin.

Gullsmiðurinn s.f.

Þjónusta fyrir landsbyggðina

Sendið okkur (í ábyrgð) þá skartgripi sem þér þurfið að láta gera við, ásamt smálýsingu á því sem gera þarf, heimilisfangi og símanúmeri. Að aflokinni viðgerð, sem verður innan 5 daga frá sendingu, sendum við ykkur viðgerðina í póstkröfu. Allar viðgerðir eru verðlagðar eftir viðgerðaskrá Félags ísl. Gullsmiða.

Stækkum og minkum hringi (sendum málspjöld), gerum við armbönd, nælur, hálsmen, þræðum perlufestar. Sendum einnig í póstkröfu allar gerðir skartgripa.
Fljót, góð og örugg þjónusta. **Hringið og leitið upplýsinga.**

Gullsmiðurinn s.f.
Frakkastíg 7 101
Reykjavík
Sími (91) 1-50-07.

Tónlistarskólinn í Görðum

Innritun fer fram í barnaskóla Garðabæjar dagana 7.-9. september frá kl. 15-18.
Gengið inn um norðurdyr.
Kennslugreinar: Píanó, orgel, fiðla, selló, gítar og blásturshljóðfæri.
Lúðrasveit, eldri og yngri deild, verður starfrækt, einnig blokkflautudeild og undirbúningsdeild fyrir nemendur á aldrinum 5-7 og 7-9 ára.
Nemendur eru beðnir að skila afriti af stundarskrám við innritun.
Eldri umsóknir óskast staðfestar.
Umsóknir sem berast síðar en 9. sept. verða ekki teknar til greina.
Sími skólans er 4-22-70.

Skólastjóri.

Bændur — Verktakar

Öflugur sturtuvagn til sölu. Tengsl við traktor eða vörubíl.
Ein hásing á tvöföldu. Burðarmagn 4-6 tonn. Góðir greiðsluskilmálar. Upplýsingar á **Bíla- og búvélasölunni.**
Arnbergi við Selfoss. Sími (99) 1888.

Sambandsþing U.M.F.Í. um næstu helgi


Ungmennafélag Íslands heldur sitt 30. sambandsþing um næstu helgi 10. og 11. september, að Valhöll á Þingvöllum. Þetta er tímamótaþing í sögu samtakanna, en þau voru stofnuð 1907 og eru því sjötíu ára á þessu ári, þetta verður því afmælisþing og lýkur því með hátíðarkvöldverði sem hefst kl. 18.00 á sunnudag.

Ungmennafélagshreyfingin hefur verið í miklum vexti á þessum áratug og hefur félagatalan nær tvöfaldazt á fáum árum eða úr um 10 þús. árið 1970 í rúml. 19. þús. í dag. Fjölmörg ný verkefni hafa komið til sögunnar á þessu tímabili, s.s. stóraukin félagsmálafræðsla, og hefur Félagsmálaskóli UMFÍ haldið hátt á annað hundrað félagsmálanámskeið á þessum síðustu árum. Þá má nefna aukna útgáfustarfsemi, t.d. vasasöngbók, Leikritasafn UMFÍ og málgagn samtakanna, Skinfaxa. Erlend samskipti hafa einnig stóraukizt og sett sinn svip á síðustu árin og einnig mætti nefna aukinn erindrekstur og útbreiðslustarf. Flest héraðssambönd hafa einnig átt vaxandi gengi að fagna og stóraukið starfsemi sína, ráðið sér starfsmenn og aukið fjölbreytni í verkefnavali.

Aðalmál þessa 30. sambandsþings UMFÍ verður 16. landsmótið, sem haldið verður í júlí á næsta ári á Selfossi. En auk þess eru fjölmörg mál á dagskrá, s.s. uppbygging í Þrastaskógi húsnæðismál samtakanna, fræðslu- og útbreiðslumál, fjármál og margt fleira.

Stjórn UMFÍ er nú skipuð þessum mönnum: Hafsteinn Þorvaldsson á Selfossi formaður, Guðjón Ingimundarson á Sauðárkróki, varaformaður, Björn Ágústsson á Egilsstöðum, gjaldkeri, Jón Guðbjörnsson á Lindarhvoli í Borgarfirði, ritari, og meðstjórnendur Þóroddur Jóhannsson á Akureyri, Bergur Torfason á Felli í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Ólafur Oddsson á Hálsi í Kjós.

Framkvæmdastjóri UMFÍ er Sigurður Geirdal og skrifstofur samtakanna eru að Klapparstíg 16 í Reykjavík. Búizt er við góðri mætingu á þingið, enda er þetta tímamótaþing sem fyrr segir og aðstaða öll til þinghalds hin ákjósanlegasta í Valhöll.



A.L.Copley. Sýningin að Kjarvalsstöðum er stærsta yfirlitssýningin sem haldin hefur verið á verkum hans.

Yfirlitssýning á verkum A. L. Copleys

KEJ-Reykjavík — Yfirlitssýning á verkum bandarísku lista- og vísindamannsins A.L.Copley verður að Kjarvalsstöðum dagana 10.-25. sept. Það er Listráð sem gengst fyrir sýningunni og er þetta stærsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum Copleys og spannar tímabilið 1944-1977. Á sýningunni eru rúmlega 300 verk auk alls konar bóka og sérútgáfa á verkum hans.

A.L.Copley gekk að eiga Ninu Tryggvadóttur árið 1949 og var heimili þeirra í Reykjavík og New York, mörgum Íslendingum góðkunnugt. Hann hefur haldið um 30 einkasýningar víðs vegar um heiminn og tekið þátt í ótal samsýningum. Verk hans eru í mörgum helztu listasöfnum bæði Bandaríkjanna og Evrópu og hann hefur þegar getið sér orð í bandarískri myndlistarsögu, enda var hann virkur í hópi þeirra amerísku listamanna sem lögðu grundvöllinn að nýjum viðhorfum í list í Bandaríkjunum á árunum 1940-50. Þá hefur brezka sjónvarpið, BBC, gert mynd um A.L. Copley og verk hans.

Fóstrur

Selfosshreppur óskar eftir að ráða fóstrur til starfa við gæsluvöll, við Stekkholt.
Nánari upplýsingar gefur æskulýðs- og íþróttafulltrúi í síma (99)1408 milli kl. 13 og 15.
Umsóknarfrestur er til 16. september.

Sveitastjóri Selfosshrepps.

Iðnkynning 1

Árbæ, þann 22. sept., af dr. Kristjáni Eldjárn forseta Íslands. Verða þar sýndir ýmsir munir sem við koma sögu íslenzks iðnaðar.

Umfangsmikið starf verður unnið við að kynna reykvíska ásku iðnað í borginni, og verður öllum nemendum í 9. bekk grunnskóla m.a. gefinn kostur á starfsfræðslu í Iðnskólanum í Reykjavík, en einnig er ráðgert að fara með yngri nemendur á sýningar á vegum iðnkynningarinnar. Þá stendur til að halda ritgerðasamkeppni meðal skólabarna um iðnaðinn, en til mála kemur að hluti sýningarinnar í Laugardalshöllinni verði fluttur í skólana að henni lokinni.

Þá verður almenningi gefinn kostur á því að heimsækja nokkur iðnfyrirtæki í Reykjavík og kynnast með eigin augum framleiðslu þeirra. Verður það nánar auglýst seinna.

„Dagur iðnaðarins" verður haldinn 30. sept. í Reykjavík, og er það í áttunda skiptið sem hann er haldinn á þessu kynningarári iðnaðarins. Hefst hann á því að Kristján Sveinsson, augnlæknir, heiðursborgari Reykjavíkur leggur blómsveig að styttu Skúla Magnússonar í Aðalstræti. Seinna um daginn verður haldinn fundur á Hótel Sögu um iðnaðarmál.

Í tengslum við iðnkynninguna í Reykjavík verður haldið happdrætti þar sem aðalvinningurinn er sumarhús, 45 fermetrar að stærð, framleitt af Húsasmiðjunni, að verðmæti 4,6 millj. króna. Þá verða aukavinningar 50 alklæðnaðir fyrir karla og konur. Happdrættismiðar verða seldir í sumarhúsinu, sem þegar er búið að koma fyrir framan við Gimli, en einnig á öðrum stöðum þar sem iðnkynning fer fram. Verð hvers miða er 400 kr., og hófst sala þeirra í gær.

Iðnkynningunni í Reykjavík verðu slitið með stórfenglegri flugeldasýningu við Laugardalshöllina, að kvöldi þess 2. október. Hjálparsveit skáta í Reykjavík mun annast framkvæmd hennar.

Fálldin 20

Fálldin og Geir Hallgrímsson voru hlynntir samvinnu Íslendinga og Svía á sviði tækni og iðnaðar. Ríkisstjórnir gætu orkað hvetjandi á slíka samvinnu, en frumkvæði að henni gæti fullt eins vel komið frá fyrirtækjum í löndunum.

Aðalviðfangsefni stjórnar sinnar um þessar mundir sagði Thorbjörn Fálldin vera að sigrast á áhrifum útþenslustefnunnar, ásamt virkri baráttu til að tryggja fulla atvinnu jafnframt því sem reynt væri að hamla af alefli gegn verðbólguþróun.

Að lokum lét Fálldin í ljós ósk um að Geir Hallgrímsson forsætisráðherra sæi sér fært að koma í opinbera heimsókn til Svíþjóðar í náinni framtíð.